

Eignarréttur jarðarinnar Selskarðs.

Við er í eftirtalin skjöl hvað viðvíkur helsta eignarrétti jarðarinnar Selskarðs:

1. Hítardalsbók, máldagabók Oddgeirs Þorsteinssonar biskups frá árinu 1367, en þar segir: „*Peturskirkja í Gordum a Alptanesi a heimaland allt. Hausastadi. Selskarð.*” (Íslenskt fornbréfasafn III. b.s. 220). (Á þessum tíma voru einu jarðirnar í eigu Péturskirkju (Garðakirkju) Hausastaðir og Selskarð. Önnur síðar tilkomin lögbýli í eigu Garðakirkju byggðust svo út úr landnáði þessara jarða).
2. Skilgreining á fjörurétti jarðarinnar Selskarðs að einum þriðja í Eggjum í hálfan ósinn móts við Hlið á miðja Kringlu, sbr. eignarréttarskjal, dags. 20. júlí 1677.
3. Skilgreining á búðarstæði og rétti til skipsuppsáturs í eigu Selskarðs í landi Hausastaða, sbr. jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 17. ágúst 1703.
4. Merki á landi Garðakirkju, dags. 7. júní 1890, þinglýst 9. júní 1890.
5. Samningur (afsal), dags. 29. maí 1912, þinglýstur 7. júní 1912 um jörðina Selskarð (með sömu gögnum og gæðum, og réttindum, til lands og sjávar sem hún undanfarandi tíð hefur átt og notið). Ennfremur réttur til mótaks í mómýri vestan Hraunsholtslækjar.
6. Lög nr. 13 frá 22. október 1912 um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar (lögin skýra ítarlega beitarréttareign jarðarinnar, sem undanskilin var við sölu og vísa í því sambandi í “merki á landi Garðakirkju”, dags. 7. júní 1890).
7. Samningur (afsal), dags. 30. ágúst 1913, þinglýstur 4. október 1913 í samræmi við lög nr. 13/1912, þar sem jörðinni Selskarði er áskilinn beitarréttur í eign sinni svo sem verið hefur. (Samningur þessi byggir á skjölunum “merki á landi Garðakirkju” frá 7. júní 1890, afsali 29. maí 1912 og lögum nr. 13/1912 um sölu á eign Garðakirkju).
8. Dómur Gestaréttar Reykjavíkur frá 29. desember 1920. (Dómurinn skilgreinir eignarrétt jarðarinnar Selskarðs ítarlega, ekki síst beitarréttinn og tekur m.a. tillit til villu í endurríti í veðmálabók).
9. Samningur, skjal, dags. 25. nóvember 1926, þinglýstur 28. júní 1927, (þar sem ennfrekar er staðfest eignarhlutdeild jarðarinnar Selskarðs í óskiptu Garðakirkjulandi).
10. Landskipti á öllu heimalandi Garðakirkju 1932 - 1935. Í yfirskiptum í framhaldi af aðalskiptum komu fleiri sérréttindi í hlut Selskarðs utan heimalandsins sjálfs svo sem 2 ha af landi neðan Þjóðveggar, milli Arnarneslækjar og Hraunsholtslækjar (enn eru um 1.000 fermetrar óseldir af þessu landi) og sandnámur í Garðaholti á um 25 ha. svæði. (Jörðin Selskarð kom að skiptunum sem löglegur eigandi að öllu óskiptu landi, samkvæmt afsali og dómi Gestaréttar Reykjavíkur).
11. Hlunnindaeign jarðarinnar Selskarðs, hrognkelsi og útræði, samkvæmt ritinu hlunnindajarðir á Íslandi, sbr. fasteignamöt 1932, 1942 og 1970.
12. Bréf sýslumannsins í Hafnarfirði til eigenda jarðarinnar Selskarðs, dags. 29. ágúst 2000, þar sem sýslumaður viðurkennir eignarrétt jarðarinnar Selskarðs og segir: “*Af þessu þinglýsta skjali verður ekki séð að Selskarði fylgi óskipt land Garðakirkju, heldur óbeinn eignarréttur í formi beitarréttar*”. (Í ljós hefur svo komið að í fyrrnefndu þinglýstu endurríti í veðmálabók er villa sem nú hefur verið leiðrétt og er nú ekki lengur neinn vafi á því að Selskarði fylgir óskipt land Garðakirkju, sbr. einnig dóm og dómskjöl 1920 sem skýra þetta atriði).
13. Fulltrúi Þjóðkirkjunnar, hvað viðvíkur Garðakirkjulandi, skýrir sölu jarðarinnar Selskarðs 1912, skipti á heimalandi Garðakirkju 1932 og viðurkennir rétt jarðarinnar til óskipts lands Garðakirkju í grein í Morgunblaðinu 1. maí 2003 (bls. 43).
14. Réttarsátt gerð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur 14. apríl 2004 í viðurkenningarmálinu nr. E-14890/2003, þar segir: “*Stefnda, Vegagerðin, mótmælir ekki því að jörðin Selskarð eigi beitarrétt samkvæmt þinglýstu afsali 30. ágúst 1913 um kaup Hafnarfjarðarkaupstaðar á landi samkvæmt landamerkjum, eins og þau eru afmörkuð í 1. gr. laga nr. 13/1912*”. (Sjá dómkröfur í stefnanda. Vegagerð ríkisins gerir hins vegar þrjá fyrirvara um verðmæti þessa réttar).
15. Úrskurður úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál 15. desember 2008 í málinu nr. 67/2005. Þar segir í niðurstöðu að því verði ekki mótmælt að kærendur (þ.e. eigendur jarðarinnar Selskarðs) geti átt lögvarða hagsmuni í málinu (þ.e. beitarrétt) og því verði málið tekið til efnislegrar úrlausnar. Niðurstaðan var síðan sú að framkvæmdir Garðabæjar á beitarréttareigninni voru úrskurðaðar ólögðar og var framkvæmdaleyfi fellt úr gildi.

Eftirfarandi upplýsingar sýna að íslenska ríkið virðir beitarrétt jarðarinnar:

- a) Landstjórnin seldi Hafnarfjarðarkaupstað lóð eða landspildu 1913 með kvöð landstjórnarinnar um að jörðinni Selskarði var áskilinn beitarréttur í hinni seldu landspildu svo sem verið hefur. Hafnarfjarðarkaupstaður eignaðist því takmörkuð eignarréttindi í lóðinni. Um leið var þetta viðurkenning á því að jörðin Selskarð ætti eignarréttindi í óskipta landinu.
- b) Íslenska ríkið viðurkennir í dómsmáli 1920, að beitarréttur Selskarðs í hinu selda landi (þ.e. landspildan sem var seld 1913) sé áskilinn berum orðum í afsalsbréfinu.
- c) Samningur 1926 og aðkoma jarðarinnar Selskarðs þar að ákvörðun um ráðstöfun eignarinnar ásamt öðrum kirkjújörðum sem þá voru í forsjá íslenska ríkisins skýrir ekki síst hvers vegna landstjórnin áskildi jörðinni Selskarði beitarrétt 1913 í landspildunni sem Hafnarfjarðarkaupstað var seld.
- d) Sýslumaðurinn í Hafnarfirði viðurkennir í bréfi, dags. 29. ágúst 2000, óbeinan eignarrétt jarðarinnar Selskarðs í formi beitarréttar.
- e) Yfirlögfræðingur Vegagerðar ríkisins samþykkti réttarsátt 2004 í viðurkenningarmáli hjá Héraðsdómi Reykjavíkur um að Vegagerðin mótmæli ekki því að jörðin Selskarð eigi beitarrétt í landspildunni skv. þinglýstu afsali og sem getið er um í lögum nr. 13 frá 1912. Til að hægt væri að gera réttarsáttina var það skilyrði hjá héraðsdómaranum, að sannreynt hefði verið, að jörðin ætti ráðstöfun sakarefnis, samkvæmt lögum, landamerkjalyfingum, samningum og úrskurði Gestaréttar Reykjavíkur.
- f) Samgönguráðuneytið, sem fer með yfirstjórn Vegagerðar ríkisins, segir í bréfi, dags. 30. mars 2005: “*Samkvæmt þessu verður að líta svo á að landið í Garðabæ falli einnig undir bókunina* (þ.e. réttarsáttin 2004, innskot) *þannig að beitarréttur Selskarðs sé viðurkenndur þar*”.
- g) Héraðsdómari Héraðsdóms Reykjaness dómkveður tvo matsmenn í málið til að meta fullt verð, sbr. bréf, dags, 22. mars 2006, samkvæmt dómranum á grundvelli þess að jörðin Selskarð ætti lögvarða hagsmuni í málinu, þ.e. beitarrétt og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt lögum, landamerkjalyfingum, samningum og úrskurði Gestaréttar Reykjavíkur.
- h) Matsnefndir eignarnámsbóta hafa felld þrjá úrskurði hvað viðvíkur beitarrétti jarðarinnar Selskarðs í málum nr. 7/2004 1. nóvember 2004, nr. 11/2006 28. mars 2007 og aftur í málinu nr. 7/2004 22. nóvember 2007. Í öllum úrskurðunum er það viðurkennt og staðfest að eigendur jarðarinnar Selskarðs hafi stöðu eignarnámsþola, þ.e. hafi stöðu sem “eigandi verðmætis” samkvæmt lögum nr. 11/1973. Ennfremur er vísað í bréf umboðsmanns Alþingis til matsnefndar eignarnámsbóta 14. febrúar 2005 og 27. júní 2005 þar sem umboðsmaður fer yfir stöðu eiganda Selskarðs sem eignarnámsþola sbr. fyrrgreind lög nr. 11/1973.
- i) Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál úrskurðaði í málinu nr. 67/2005, 15. desember 2008. Úrskurðarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að kærendur, þ.e. eigendur jarðarinnar Selskarðs, geti átt lögvarða hagsmuni, þ.e. beitarrétt, í málinu og var málið því tekið til efnislegrar úrlausnar. Forsendan fyrir því að málið var tekið fyrir hjá nefndinni var að kærendur eiga lögvarða hagsmuni í málinu.
- j) Opinber jarðaskrá og skjöl Fasteignamats ríkisins upplýsa að beitarréttur jarðarinnar Selskarðs var leigður út af núverandi eigendum fyrir tæpum 4 áratugum án athugasemda nokkurs aðila þannig að ekki verður sagt að eigendur jarðarinnar Selskarðs hafi ekki notið beitarréttar jarðarinnar (beitarrétturinn hefur alltaf verið einn aðalréttur jarðarinnar).

Vísað er í eftirfarandi lög:

Vísað er í 72. gr. stjórnarskrárinnar um að eignarrétturinn sé friðhelgur og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópuráðsins (sem Ísland fullgilti 19. júní 1953) um að allir menn og lögaðilar eigi rétt á að njóta eigna sinna í friði og ákvæði 14. gr. sama sáttmála um að tryggt sé að ekki eigi sér stað mismunun af nokkru tagi. Ákvæði 2. og 7. gr. mannréttindayfirlýsingar Sp um sama efni, 17. gr. lið 2 í sömu mannréttindayfirlýsingu (2. gr. hefur sérstöðu þar sem getið er um að ekki megi mismuna mönnum vegna eigna), 65. gr. stjórnarskrárinnar um að allir skulu vera jafnir fyrir lögnum, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73 frá 1997 (m.a. 43. gr.) og reglugerðir þeim tengdum, sérstaklega 9. kafla skipulagsreglugerðar, 9.1 síðasta mgr. og ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37 frá 1993.

Afrit úr veðmálalabók I í Gullbringusýslu, bls 199-202 (afritað í júlí 1965).

1890

Nr. 154.

Þingdagur
9. júní

Merki

á landi Garðakirkju á Álptanesi, samkvæmt máldögum og fornum skjölum.

1. Í móti Oddakoti í miðjan ós þann, sem rennur úr Skógtjörn í sjó fram austan til við túngarð í Oddakoti. Samþykkur: Vigfús Benediktsson eigandi.
2. Úr ósnum norður í hóla hjá Skógtjörn, er þar hlaðin merkjavarða; þaðan á móti landi Skógtjarnar og Brekku í vörðu á hólum hjá Núpsstíflum, þar er og hlaðin merkjavarða. Þessu samþykkir. Jón Einarsson, Brekku, Stefán Ásgrímsson, Kirkjubrú, Jón Jónsson, Brekkukoti, Guðmundur Runólfsson, Svalbarða.
3. Út í miðja tjörn þá, sem er milli Bessastaða og Gálgahrauns og í miðjan tjarnarósinn og í munna Arnarnesslækjar, upp með læknum sunnanverðum upp í stóra Krók á sama læk og úr því keldudragi, sem þar er að sunnanverðu og beina stefnu yfir mýrina upp í Dýjakróka, og (áreiðargjörð, 3. sept. 1870, samþykkt af umboðsmanni Arnarness og Stíptsyfirvöldum) þaðan í mitt Hnoðraholt, þaðan fyrir norðan Vetrarmýri beina línu til austurlandsuðurs í miðja Kjóavelli, þaðan beina línu í suðurlandsuður í Arnarbæli, þaðan í landsuður upp í Hnífhól, þaðan til austurs landsuðurs í mitt Húsfell, úr miðju Húsfelli beint til suðurs í efri Strandartorfu, þaðan beint í (suður) Markraka í Dauðadölum, þaðan til vesturs í Melrakkaskarð (Vatnsskarð, Markrakagil) í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið eina, þaðan til norðurs ofanvert við Hvaleyrar- og Áslönd í Steinhús, sem er við neðri Kaldárbotna, þaðan móts við Jófríðarstaðaland í norður vestanvert við Gráhelluhraun beina línu í svonefndan Moldarkrika, þá til norðvesturs í vörðu á Hlíðarþúfum, þá sömu línu í norðuröxl á Mosahlíð, enn sömu línu mitt á milli Gíslahúss og Bjarnabæjar í vörðu fremst á miðjum hamri við Hafnarfjarðarbotn. Þaðan land allt með Hafnarfirði norðanverðum vestur í ós hinn áðurnefnda hjá Oddakoti.

Þessu samþykkir sem eigendur Jófríðarstaða.
Jón Jónsson. Þorvaldur Ólafsson

Samþykkir hvað Hraunholtsland snertir
Þorlákur Guðmundsson eigandi og ábúandi.

Mér sýnt sem ábúanda jarðarinnar Vatnsenda, en sökum ókunnugleika skýt til samþykkis landsdrottins.

Vatnsenda 8/6 '90.

Ben. S. Þórarinsson.

Innan framangreindra takmarka eru auk Garðastaðar, þessar jarðir Garðakirkju: Selskarð, Hraunsholt, Hamarskot, Langeyri, Skerseyri, Bali, Dysjar, Bakki, Pálshús, Nýibær, Krókur, Ráðagerði, Hóll, Miðengi, Hlíð, Móakot, Hausastaðakot og Hausastaðir, sem allar hafa afmörkuð tún og rétt til að nota að tiltölu kirkjulandið utantúns, til allra leiguliðanota, en ekki úrskipt land fyrir utan túnið, svo og þurrabúðir, sem eru eign kirkjunnar, með kálgorðum og túnblettum, og timburhús sömuleiðis.

Innan merkjanna er og Garðakirkjujörðin Vífilstaðir, áður konungseign, á hún sérstaklega: tún og engi fyrir neðan Vífilstaðavatn, hálfan Leirdal, allan rjúpnadal, alla Vetrarmýri og mótak þar niður undan við Arnarnesslæk, Mariuhellir og Svínahlíð fram í Sneiðingum.

Ennfremur eru innan merkjanna þessar jarðir:

1. Setberg; eru merki þeirrar jarðar sem segir í landamerkjaskjali hennar, sem jeg hefi samþykkt.
 2. Urriðakot; eru merki þeirrar jarðar greind í landamerkjaskjali, og eru þau fullgild, er jeg hefi ritað á þau samþykki.
 3. Hofsstaðir; jörð sú á sitt eigið tún, enn ekkert land utantúns. Eptir venju að fornu og nýju hefir fjenaður sá, sem framfleytt verður af túninu haft ókeypis hagabeit í kirkjulandinu.
 4. Hagakot, þjóðeign, á sitt tún, hefur eptir fornri venju notað ókeypis mýri fyrir neðan túnið og mótak í barði austur af túninu og beit í Garðakirkjulandi fyrir fjenað þann, sem framfleyttist af mýrinni og túninu.
 5. Akurgerði, túnlaus verzlunarstaðarlóð; merki ákveðin með samningi, dagsettum 27. marz 1880 sem áður er þinglesinn, 17. júní s.á.
- Athugasemd: Aðalmarkið milli Garðakirkju og Krísuvíkur: Markrakagil (Melrakkaskarð, Vatnsskarð) er samþykkt af eiganda Krísuvíkur í bréfi frá 14. apríl þ.á.
Að því er snertir Hagakot og Arnarnes er jeg samþykkur þessari merkjalýsingu.

Fyrir hönd umboðssjóðsins
Franz Simsen

Görðum, 7. júní 1890.
Þórarinn Böðvarsson
prestur í Garðaprestakalli.

Lesið á manntalsþingi fyrir Garðahrepp í Hafnarfirði 9. júní 1890, og síðar ritað í . . . etc.

Gjald: Þinglestur: kr. 0.75

bókun: kr. 0.50

Kr. 1.25

-ein króna tuttugu og fimm aurar-
Franz Simsen

Útskrift úr þingmálabók Gullbringusýslu.

Nr. 18.

Ráðherra Íslands.

Kunngjörir: að með því að Jón Felixson ábúandi á kirkjujörðinni Selskarði í Garðahreppi í Gullbringusýslu hefur leitað kaupa á nefndri ábýlisjörð sinni, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefur eigi haft neitt við sölu þessarar jarðar að athuga, og með því að loks allra fyrir mæla laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða hefur verið gætt, þá sel ég og afsala, samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í nefndum lögum, fyrir landssjóðsins hönd, nefndum Jóni Felixsyni greinda ábýlisjörð hans Selskarð, sem er 8,7 hundr. að nýju mati, með 1 kúgildi, húsum og öllum gögnum og gæðum, án nokkurs álags; þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar.

Jörðin selst með sömu gögnum og gæðum, og réttindum, til lands og sjávar sem hún undanfarandi tíð hefur átt og notið. Henni fylgir ekkert land afskipt, annað en tún hennar innan ummerkja, en henni fylgir réttur til mótaks í mómýri vestan Hraunsholtslækjar til afnota á jörðinni sjálfri og hagbeit fyrir jarðarfénaðinn í hinu óskipta beitolandi Garðahverfisbúa, og er jarðeiganda skylt að setta sig við hver þau skipti hins óskipta lands sem gerð kunna að verða af réttum hlutaðeigendum milli núverandi Garðakirkjujarða að Selskarði meðtöldu.

Kaupverðið er 1125 - eitt þúsund eitt hundrað tuttugu og fimm krónur,- og með því að kaupandinn hefur greitt kirkjujarðasjóði 1/10 hluta þess með kr. 112,50- eitt hundrað- og tólf krónum, 50 aurum.- og gefið út veðskuldabréf fyrir eptirstöðvunum, þá segi ég hann réttan eiganda að ofangreindri jörð frá fardögum þ. á. og ber honum að svara eftirleiðis af hinni seldu jörð tíund og öðrum lögboðnum gjöldum til hins opinbera sem af öðrum bændaeignum.

Kaupandi haldi kaupum sínum til laga, en seljandi svarar til lagariftingar.

Kaupanda ber að láta þinglýsa bréfi þessu svo fljótt sem unnt er.

Til staðfestu undir mín hönd og embættisins.

Sigli.

Reykjavík 29. maí 1912.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson / Eggert Briem

Lesið á manntalsþingi Garðahrepps þann 7. júní 1912.

Gjald: 3 - þrjár krónur

Greitt.

Magnús Jónsson

Magnús Jónsson.

Nr. 13.
22.
október.

Lög

um

sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettamerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og vestan þessara marka:

- Bein lína úr “Balaklöpp”, við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lèkkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
- Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
- Úr hádegishól, bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark, miðað frá Vífilsstöðum; - þá tekur við
- Urriðakotsland; þá
- Setbergsland, alt til Lækjarbotna; og loks
- Selvogsmanna- og Grindaskarðavegur.

Um mörk landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um “Merki á landi Garðakirkju á Álftanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum” dagsettrar

Nr. 13.
22.
október.

7. júní 1890, og þinglesinnar 9. sama mánaðar. Undanskilið sölunni er: Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur.

2. gr.

Landið má selja fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó þannig, að kaupverðið eigi sje lægra en 52 þús. króna. Landsstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. október 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L.S.)

H. Hafstein.

Nr. 13. Lög 22. október um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar.

Nr. 319.

Ráðherra Íslands.

Kunngjörir: að jeg samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 22. október 1912, um sölu á eign Garðakirkju, af kaupstaðarsvæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar, hjermeð sel og afsala fyrir landsjóðsins hönd Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju, sunnan og vestan þessara takmarka:

- 1) Bein lína „úr Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmala í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkanði ofan af norðurbrún hraunsins.
- 2) Þaðan bein lína í Hádegishól frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum.
- 3) Úr Hádegishól bein lína í Miðaptanshól, sem er gamalt miðaftansmark miðað frá Vífilsstöðum. Þá tekur við
- 4) Urriðakotsland; þá
- 5) Setbergsland, allt til Lækjarbotna, og loks
- 6) Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegur.

En um mörk lóðarinnar eða landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um „Merki“ á landi Garðakirkju á Álptanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum, dagsettrar 7. júní 1890, þinglesinnar 9. s.m. Undanskilið sölunni er Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur; svo eru og undanskildir námar sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar.

Núverandi ábúendum Garðakirkjujarða í Garðahverfi og jörðinni Selskarði, er áskilinn beitarréttur í hinni seldu landspildu svo sem verið hefur.

Kaupverðið er 62.000 –sextíu og tvö þúsund- krónur, og með því að kaupandinn hefur greitt Kirkjujarðasjóði 2.000 tvö þúsund krónur, og gefið út veðskuldabréf fyrir eptirstöðvunum, þá segi ég hann rjettan eiganda að hinni seldu landspildu frá fardögum þ.á. að telja og ber honum að svara lögboðnum opinberum gjöldum af landinu.

Kaupandi haldi landi sínu til haga, en seljandi svarar til lagariftingar.

Kaupanda ber að láta þinglýsa afsalsbrjefi þessu svo fljótt sem unnt er.

Til staðfestu undir mín hönd og embættisinsigli.

Reykjavík, 30. ágúst 1913.

H. Hafstein.

(Lr. S.)/Eggert Briem

Hinn 4. októbermánaðar 1913, er afsalsbrjef þetta fyrirfram innritað í afsals- og veðmálalabók Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupst.

Litra U-nr. 319.

Magnús Jónsson

Gjald: 64-sextíu og fjórar
krónur
Magnús Jónsson

Endurrit úr dómabók gestaréttar Reykjavíkur.

Ár 1920, miðvikudaginn 29. desember var í gestarétti Reykjavíkur í málinu

Þórarinn Kr. Guðmundsson
 gegn
 Magnúsi Guðmundssyni
 fjármálaráðherra Íslands
 f.h. ríkissjóðs eða
 kirkjujarðasjóðs.

uppkveðinn svohljóðandi

dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 14. maí þ.á. af eiganda jarðarinnar Selskarð í Garðahreppi í Gullbringusýslu, Þórarni Kr. Guðmundssyni, gegn fjármálaráðherra Íslands, Magnúsi Guðmundssyni, f.h. ríkissjóðs eða kirkjujarðasjóðs, til greiðslu á kr. 2520,56. með 6% ársvöxtum frá 11. desember 1916 til greiðsludags auk kostnaðar af málinu að skaðlausu.

Af hálfu stefnds hefur verið krafist algjörar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og dóms yfir honum til greiðslu málskostnaðar til handa stefndum eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með afsalsbréfi útgefnu 29. maí 1912 seldi landsstjórnin ábúanda kirkjujarðarinnar Selskarðs, Jóni nokkrum Felixsyni, nefnda jörð, samkv. lögum nr. 50. frá 16. nóvember 1907, fyrir 1125 krónur. Er svo ákveðið í afsalsbréfinu „Jörðin selst með sömu gögnum og gæðum og réttindum til lands og sjávar, sem hún undanfarna tíð hefur átt og notið. Henni fylgir ekkert land afskift annað en tún hennar innan ummerkja, en henni fylgir réttur til mótaks í mómyri vestan Hraunsholtslækjar til afnota á jörðinni sjálfri og hagabeit fyrir jarðarfénaðinn í hinu óskifta beitilandi Garðahverfisbúa og er jaðareiganda skylt að sætta sig við hver þau skifti hins óskifta lands, sem gjörð kunna að verða af réttum hlutaðeigendum milli núverandi Garðakirkjujarða að Selskarði meðtöldu”.

Afsalsbréfi þessu var þinglýst á manntalsþingi Garðahrepps 7. júní 1912 og er stefnandi nú orðinn einn eigandi jarðarinnar Selskarðs með sömu réttindum og er Jón Felixson átti hana.

Í annan stað seldi landsstjórnin með afsalsbréfi útgefnu 30. ágúst 1913 samkv. heimild í lögum nr. 13, 22. október 1912 Hafnarfjarðarkaupstað nokkuð af landi Garðakirkju fyrir 62 þúsund krónur. Er í afsalsbréfinu fyrir því „núverandi ábúendum í Garðahverfi og jörðinni Selskarði áskilinn beitarréttur í hinu seldu landspildu svo sem verið hefur”.

Stefnandi heldur því nú fram, að Selskarði hafi fylgt, er það var selt 1912, tiltölulegur hluti við hundraðatal jarðarinnar eftir jarðabókinni frá 1861 samanborið við hundraðatal allra þeirra jarða, er hlut áttu í landinu, af landi því, er Hafnarfjarðarkaupstað var selt með afsalsbréfinu frá 30. ágúst 1913.

Nú sé Selskarð 8,7 hundruð en jarðirnar samtals 214 hundruð. Eigi Selskarð því að fá 8,7 / 214 af kaupverðinu frá Hafnarfjarðarkaupstað, 62 þúsund krónum, eða kr. 2520,56 og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gjört réttarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefnukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því, að Selskarð hafi aldrei átt né því fylgt nokkur hluti hins óskifta lands Garðakirkju. Jörðinni hafi ekki fylgt annað en mótökuréttur og beitarréttur í Garðakirkjulandi. Salan til Hafnarfjarðarkaupstaðar snerti alls ekki mótaksréttinn þar sem sá hluti landsins, er mótakið sé í, hafi ekki verið seldur og beitarréttur Selskarðs í hinu selda landi sé því áskilinn berum orðum í afsalsbréfinu.

Þá hefur og stefndur haldið því fram, að svo framarlega sem frekari réttur til hins óskifta Garðakirkjulands, er hann viðurkennir, hafi fylgt Selskarði við sölu til Jóns Felixsonar, þá haldist sá réttur óskertur þrátt fyrir sölu til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Stefnandi hafi því ekki sýnt fram á, að hann hafi beðið neinn skaða við sölu til Hafnarfjarðar. Hinsvegar sé möguleiki á því, að Hafnarfjarðarkaupstaður geti átt skaðabótakröfu á hendur stjórnarráðinu, en sú krafa þurfi ekki að standa í neinu hlutfalli við kaupverð landsins þegar kaupstaðurinn keypti það. Það geti því ekki komið til mála að stefnandi eða nokkur annar eigandi Selskarðs geti komið og krafist um einhvern ákveðinn hluta kaupverðsins eins og nú sé gjört. Krefst stefndur því sýknunar í máli þessu einnig af þessari ástæðu.

Stefnandi telur það notarískt þar um slóðir, að Selskarð hafi ávalt verið skoðað sem hluti af Garðastaðarlandi. Þá vísar hann og í merkjagjöfning Garðakirkju á Álptanesi. Er Selskarðs þar að engu getið en land staðarins talið ná út fyrir þá jörð. Í jarðabók Árna Magnússonar eru og taldar ýmsar nytjar, er Selskarð hafi af Garðastaðarlandi og loks skírskotar stefnandi í afsalsbréfið til Jóns Felixsonar sem sönnun fyrir því, að Selskarð eigi tiltölulegan hluta í hinu óskifta Garðastaðarlandi. Bendir hann þar sérstaklega til þess, að þar sé tekið fram að Selskarði fylgi ekkert afskift land annað en túnið og orðanna „með öllum gögnum og gæðum og réttindum til lands og sjávar, sem hún undanfarandi tíð hefur átt og notað”.

Stefndur heldur því hinsvegar fram að úttæmandi skýring felist síðar í afsalsbréfinu til Jóns Felixsonar á gögnum og þeim gæðum, er Selskarði fylgi, sem sé túnið, mótaksrétturinn og beitirétturinn. Þennan skilning kveður stefndur styrkjast við mat það, er fór fram á Selskarði áður en það var selt og bréfi sóknarprestsins til Garða, er lá fyrir stjórnarráðinu er salan fór fram.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að það sé nægilega upplýst í málinu að Selskarð hafi fyrir sölu til Jóns Felixsonar átt tiltölulegan hlut í hinu óskifta Garðastaðalandi mótsvið hinar aðrar kirkjujarðir og að sá réttur hafi fylgt jörðinni yfir í eign Jóns Felixsonar og núverandi eiganda (stefnanda) með takmörkun þeirri, er síðar skal nefnd. Að því er fyrri atriði snertir, er nægilegt að vísa til þess, sem stefnandi hefur tekið fram um það að því viðbættu, að Selskarð er í jarðabókum frá 1861 talið sérstök jörð, er væri óhugsandi ef því hefði ekki fylgt annað land en túnið og réttur til mótaks og beitar. Að því er síðara atriðið snertir, er nægilegt að vísa til orða þeirra í afsalsbréfinu til Jóns Felixsonar, sem stefnandi hefur bent sérstaklega á, en þó einkum til þess, að síðar í því er beint gjört ráð fyrir því, að hinu óskifta landi verði skift milli jarðanna og að Selskarð fái sinn sérstaka hluta af því. En þar kemur fram takmörkunin, þar sem sagt er, að jarðareiganda :c kaupandi og þá auðvitað síðari eigendum, er leiða rétt sinn frá honum, sé skylt að sætta sig við hver þau skifti hins óskifta lands, sem gjörð kunni að verða af réttum hlutaðeigendum.

Takmörkun þessi gjörir það að verkum að stjórnarráðinu verður að telja hafa verið frjálst að selja Hafnarfjarðarkaupstað hinn umrædda hluta af hinu óskifta Garðakirkjulandi án þess að stefnandi geti gjört nokkurt tilkall til nokkurs hluta af andvirðinu, þar sem nægilegt óskift land er eftir til þess, að Selskarð fái þann hluta af landinu, er eigandi þess verður að sætta sig við eftir framansögðu.

Verður því að álitu réttarins að sýkna stefndan af kröfum stefnandans í málinu og dæma stefnanda til að greiða stefndum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur fjármálaráðherra Magnús Guðmundsson f.h. rikissjóðs eða kirkjujarðasjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Þórarins Kr. Guðmundssonar, í þessu máli en stefandi að greiða stefndum 100 krónur í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Jóhannes Jóhannesson

Beitarréttur Selskarðs í Garðakirkjulandi. Lög um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952 o.fl.

Skilyrði eru um það í lögum um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952, bæði í heiti laganna og samkvæmt 2. gr. laganna, að viðkomandi fasteign, sem lýsa á ítaki í, sé jörð. Lögín voru sett til að koma reglu á ítök í bújarðir, sbr greinargerð á Alþingi með þingsályktun.

Beitarréttur er mismunandi og yfirleitt beinn eignarréttur jarða en ekki ítak. Það má segja að það heyri til undantekninga ef beitarréttur jarða er ítak. Sama má t.d. segja um réttindi til reka, en þau fylgja yfirleitt einnig eignarrétti jarða og eru ekki ítak. Algengara er að rekaréttur geti verið ítak heldur en beitarréttur. Eins er farið með hin ýmsu réttindi jarða svo sem vatnsrétt, veiðirétt, námurétt o.s.frv. Matsnefnd eignarnámsbóta viðurkennir í úrskurði 26. apríl 2007 fornan beitarrétt, sem er ábúðarréttur og erfðaleiga, jarðarinnar Kross í Reykjatorfunni, en í þessu máli er um að ræða beitarrétt sem er eignarréttur jarðarinnar Selskarðs í Garðatorfunni svo sem verið hafði. Vísa má í greinargerð um mat á verðgildi beitarréttar jarðarinnar Varmalæks í Skagafirði, dags. 10. apríl 2006.

Í sambandi við skilgreiningu á ítaki þá má vísa í greinargerð með frumvarpi til laga um þjóðlendur, 122. löggjafarþing 1977-1998, þar sem haft er eftir eignarréttarsérfræðingnum Gauki Jörundssyni, fyrrv. umboðsmanni Alþingis og dómara hjá mannréttindadómstól Evrópuráðsins, að talsvert hafi tíðkast að einstakar heimildir eða þættir eignarréttar séu talin sérstök réttindi. Sem dæmi um slíkt nefnir Gaukur vatnsréttindi, veiðiréttindi, námuréttindi og réttindi til reka. Séu slíkt réttindi skilin frá eignarrétti eiganda og fengin öðrum er um ítak að ræða og þar með óbein eignarréttindi, segir Gaukur. Beitarréttur jarðarinnar Selskarðs hefur aldrei verið skilinn frá eignarrétti eigenda eða jörðinni og fenginn öðrum sem sérstök réttindi. Við sölu á lóð til Hafnarfjarðarkaupstaðar 1913, var þvert á móti beitarréttur jarðarinnar Selskarðs, svo sem verið hafði, undanskilinn við sölu.

Beitarréttur Selskarðs í óskiptu efra Garðakirkjulandi er hreinn eignarréttur og sem alltaf hafði fylgt jörðinni sem hluti hennar, sbr. einnig dóm Gestaréttar Reykjavíkur frá 29. desember 1920. Sami eignarréttur var í lóð eða landspildu þessari sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað 1913 og er nú í öllu óskiptu efra Garðakirkjulandi og var áður í öllu Garðakirkjulandi fyrir utan tún innan ummerkja. Hann byggir svo á því að jörðin Selskarð hélt þessum fyrri rétti sínum og hann var undanskilinn sem eignarréttur, en ekki sem afnotaréttur eða upprekstraréttur, þegar lóð eða landspilda þessi var seld. Beitarrétturinn er því tvímælalaust samfara vörslu eignarinnar í þessu tilfalli. Þetta var aðalréttur óskipts Garðakirkjulands 1913 og krafðist mestrar vörslu. Beitarréttarlandspildan var og er enn beinn hluti réttinda jarðarinnar Selskarðs og er fullkominn eignarréttur en ekki aðeins afnotaréttur. Hvergi í heimildum um Garðakirkjueign eða jörðina Selskarð kemur fram að eignir þessar séu ítak, hluti þeirra sé ítak eða að ítak sé í eigu þeirra (fyrir utan afrétt í Múlatúni).

Fasteign þessi, sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað úr landi Garðakirkju, er nefnd landspilda í 1. gr. laga nr. 13/1912. Í umræðum og frumvarpi til þessara laga, þar sem eignin er nefnd land, segir Jens Pálsson, alþingismaður: *“Jeg fór fram á það við hann, hvort ekki væri hægt, að selja þetta land sem kirkjujörð; en hann sannfærði mig um, að það væri ómögulegt”*. Alþingismaðurinn Pétur Jónsson segir í sömu umræðu: *“Eg hefi fengið að vita, að í þessu landi eru engin býli”*. Í samningi frá 30. ágúst 1913 er fasteignin síðan nefnd lóð eða landspilda. Lóð eða landspilda þessi hefur aldrei verið skilgreind sem jörð eða bújörð heldur er um að ræða annað landsvæði. Í 3. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er sérstaklega getið um jarðir sem slíkar. Auk þess er í sömu grein sérstaklega getið um jarðarhluta, afréttarlönd, öræfi og landspildur. Beitarréttur Selskarðs hefur heldur aldrei verið skilgreindur sem ítak í landspildu í eigu þriðja aðila vegna þess að hann var fyrir á eigninni þegar hún var seld. Í lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. er landspilda skilgreind sem ákveðinn hluti lands sem afmarkaður hefur verið.

Í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eru nokkrar orðskýringar. Ein þessara orðskýringa skilgreinir landareign. „Landareign: jörð eða annað landsvæði”. Hér er greinilega gerður skýr greinarmunur á eign sem er jörð og á eign sem er annað landsvæði.

Sem dæmi þá þurfti ekki að lýsa ítaki í kaupstaðarlóðum, lóðum, spildum, afréttum, almenningum, öræfum og öðrum landsvæðum sem ekki voru jarðir. Viðkomandi réttur þurfti líka að vera skráð ítak. Á slíkum svæðum eiga menn ennþá beitarrétt og hin ýmsu ítök þótt aldrei hafi verið lýst þar ítaki því ekki er um jarðir að ræða. Lögin kveða einungis á um lausn ítaka af jörðum og eru mjög skýr í því sambandi samkvæmt orðanna hljóðan. Í 10 greinum laga, sem eru öll lögin nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum, er einungis getið um jarðir eða jarðeiganda, eða 20 sinnum um jarðir og einu sinni um jarðeiganda, en aldrei um annars konar landsvæði, lóðir, landspildur, enda heiti laganna „Lög um lausn ítaka af jörðum”.

Í lögboðinu þín er til skilgreining á jörð og er þar vísað í lögbylí. Ennfremur er skilgreining á ítaksréttindum.

Lögbylí: *Jörð eða lögbylí nefnist hvert það bylí sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- eða engjamerkjum, ef um hjáleigu eða bylí er að ræða sem hefur sameiginlegt beutiland með annari jörð eða jörðum. Ennfremur verður bylíð að hafa það landrymi eða búrekstraraðstöðu að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár telst eyðijörð og þó að hús séu fallin eða rifin telst hún lögbylí nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t.d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.*

Ítaksréttindi: *Ítaksréttindi (ítaksréttur, itak) nefnast eignarréttindi er heimila rétthafanum tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum (vörslum) annars eða annarra aðila. Dæmi: Jarðeigandi heimilar nágrannabónda að beita fé sínu á landi jarðarinnar ákveðinn tíma á ári.*

Samkvæmt þessari skilgreiningu á ítaksréttindum er augljóst að eignarréttur og beitarréttur jarðarinnar Selskarðs í Garðakirkjulandi og áfram í lóð eða landspildu þessari, svo sem verið hafði, er ekki ítaksréttindi.

Í lögum um kauprétt á jörðum nr. 40 frá 1948, eða fjórum árum áður en lög um lausn ítaka af jörðum voru sett 1952, kemur fram skilgreining á jörð:

“Jörð merkir í lögum þessum hvert það bylí, heimajörð eða hjáleiga utan kaupstaða og kauptúna, sem sérstaklega er metið til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er í fasteignabók eða metið sem jörð í millimati”.

Lóð eða landspilda sú sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað 30. ágúst 1913 er hvergi og hefur aldrei verið skilgreind sem jörð, bylí, heimajörð eða hjáleiga. Lóðin eða landspildan hefur hvergi verið sérstaklega metin til verðs samkvæmt fasteignamati og hvergi talið í fasteignabók eða metið sem jörð í millimati. Eins og áður greinir frá, um umræður á Alþingi, þá var ómögulegt að selja landið 1913 sem kirkjujörð. Í fasteignamati frá upphafi er hvergi getið um að jörðinni Selskarði tilheyri ítök eða að hluti jarðarinnar sé itak. Sérstaklega er getið um það í fasteignamati 1969 að jörðinni Selskarði fylgi ekki hjáleigur eða ítök í öðrum jörðum.

Beitarréttur Selskarðs var aðalréttur landspildunnar 1913 og áfram. Hann var fyrir á eigninni þegar Hafnarfjarðarkaupstað var seld lóð eða landspilda þessi og hélt jörðin Selskarð réttinum við söluna því rétturinn var Selskarðsjörðin sjálf. Jörðin Selskarð var ennfremur tiltölulegur eigandi að landinu sjálfu fyrir söluna. Rétturinn var undanskilinn við söluna og er beinn hluti jarðarinnar Selskarðs. Beitarréttur Selskarðs er takmarkandi réttur fyrir Hafnarfjarðarkaupstað á lóðinni eða landspildunni og er kvöð á eigninni. Hafnarfjarðarbær eignaðist því ekki lóðina með öllum gögnum og gæðum

(sést það best af uppkasti að afsali sem gert var 1912 en var ekki notað). Umráð Selskarðs eru því ekki þröng, þau eru mjög víðtæk. Beitarréttur Selskarðs er í vörslu eigenda Selskarðs svo sem alltaf hefur verið og hann er undir umráðum eigenda Selskarðs en ekki í vörslu eða undir umráðum Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Því er eðlilegra að segja að takmarkaður eignarréttur Hafnarfjarðarbæjar á lóð, sem skilinn var frá Garðakirkjueigninni sem einstök heimild eða þáttur eignarréttar og fenginn öðrum, sé ítak í eigninni því kaupstaðurinn eignaðist tak í eign sem jörðin Selskarð átti fyrir og þar sem jörðin Selskarð hélt aðalréttinum áfram við eignabreytingarnar. Hér er því um að ræða ítak Hafnarfjarðarkaupstaðar í jörð eða ítak í jörðinni Selskarði, þ.e. í bújörðinni Selskarði (í raun í óskiptri sameign fleiri jarða), sem ekki hefur verið lýst ítak í samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum nr. 113/1952. Þar sem um er að ræða ítak í jörð bar Hafnarfjarðarkaupstað að lýsa yfir ítaki, sbr. 5. gr. fyrrgreindra laga, ef sveitarfélagið vildi halda rétti sínum. Réttur Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur því væntanlega fallið niður, sbr. fyrrgreind lög. Það gætu því einnig verið lagaleg skilyrði fyrir því að eigendur Garðakirkjueignar (sem er sameign fleiri manna, að vísu er beitarrétturinn aðeins eign jarðarinnar Selskarðs) geti leyst ítak Hafnarfjarðarkaupstaðar af eigninni, samkvæmt 6. og 7. gr. laga nr. 113/1952 og að sýslumaður afmái rétt Hafnarfjarðarbæjar úr þinglýsta samningnum frá 1913 (sjá 128. Frumvarp til laga um kirkjuítök og sölu þeirra 1. og 3. gr. og lög in sjálf nr. 13/1956, 3. gr.). Landsvæðið er ekki í registeri í þinglýsingarbók sýslumannsins í Hafnarfirði sem eign Hafnarfjarðarbæjar vegna þess að um lóðarítak er að ræða (lög nr. 13 frá 1956, en þar kemur fram í 3. gr. frumvarps að landsvæði falla undir kirkjuítak). Samningnum 1913, með lýsingu á beitarrétti jarðarinnar Selskarðs, svo sem verið hafði, hefur hins vegar verið þinglýst á jörðina Selskarð.

Í afsalinu frá 30. ágúst 1913, sem var þinglýst 4. október 1913 er eignin nefnd beitarréttur svo sem verið hafði en ekki ítak. Beitarrétturinn hefur í gegnum tíðina aldrei verið nefndur annað en beitarréttur. Rétturinn hefur aldrei verið afmáður úr veðmálabókum. Þinglýsingunni hefur aldrei verið aflýst. Augljóst er að lög nr. 113/1952 eiga ekki við ítak í öðrum fasteignum en jörðum fyrir utan það, sem að ofan er greint, að eignarréttur þessi er í heimildum nefndur beitarréttur en ekki ítak. Jörðin Selskarð hefur aldrei eignast ítak í landspildunni í skilningi þess orðs og því síður ítak í jörð. Selskarð átti Garðakirkjuland tiltölulega fyrir þ.á.m. aðalréttinn, þ.e. beitarréttinn svo sem verið hafði, sem var undanskilinn við söluna til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Beitarrétti Selskarðs var lýst og þinglýst í afsöllum 1912 og 1913. Beitarrétturinn var einnig útskýrður í dómi 1920.

1. Í lögum nr. 13/1912 er svæði það sem hér um ræðir nefnt landspilda úr eign Garðakirkju en ekki jörð. Í afsalinu 30. ágúst 1913 er talað um lóð eða landspildu þessa en hvergi er talað um jörð. Landspilda þessi, sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað, samkvæmt 1. gr. fyrrgreindra laga, þar sem jörðinni Selskarði er áskilinn beitarréttur svo sem verið hefur, hefur aldrei verið afmörkuð eða skilgreind sem jörð. Til að landspilda sé jörð þarf hún að uppfylla nokkur skilyrði sem ekki eiga við hér. Um er því að ræða fasteign sem ekki er jörð. Í 2. gr. laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum segir að þau taki eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir. Bæði er getið um það í heiti laganna að lögin eigi við jarðir og svo er einnig sérstaklega staðfest um það í 2. gr. að lögin taki eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir. (Gisli Sigurgeirsson, eigandi Selskarðs 1952 vissi að sjálfsgöðu að lóð eða landspilda þessi var ekki jörð og lýsti þess vegna ekki yfir ítaksrétti. Auk þess upplýsti Gísli núverandi eigendur á sínum tíma, að beitarréttur Selskarðs í landspildunni, sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað, væri ekki ítak, heldur væri um að ræða hreinan eignarrétt jarðarinnar Selskarðs sem fyrir var á eigninni frá fornu fari og væri jörðin sjálf).
2. Rétturinn hefur aldrei verið afmáður úr veðmálabókum. Þinglýsingunni hefur aldrei verið aflýst. Þegar jörðin Selskarð var seld 1964 og 1965 voru kaupendur upplýstir um þetta, þ.e.

- að beitarréttur jarðarinnar Selskarðs væri til staðar á landspildunni sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað (hefði ekki verið afmáður eða fallið niður).
3. Ítaksrétti hefur aldrei verið lýst á fyrrgreinda landspildu vegna þess, að það hefur ekki talist rétt hjá eigendum jarðarinnar og um leið beitarréttar að framkvæma það, m.a. vegna þess að beitarréttareignin er ekki ítak og auk þess er alls ekki um jörð að ræða heldur lóð eða landspildu. Lagaheimild vantaði til að lýsa yfir ítaksrétti. Lagaskilyrði voru ekki fyrir hendi, sbr. einnig greinargerð sem fylgdi þingskjali, frumvarpi til laga um lausn ítaka af jörðum hvað viðvíkur 2. gr. laganna.
 4. Í samræmi við 5. gr. laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum hefði aldrei verið þörf á því að þinglýsa ítakslýsingu á varnarþingi jarðarinnar þar sem beitarréttareigninni hafði verið þinglýst þar áður, sbr. þinglýstan samning frá 30. ágúst 1913. Ennfremur er vísað til þess að eigendur Selskarðs og landsstjórnin hafa litið á beitarréttinn sem eignarrétt og hreina eign en ekki ítak.
 5. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er ekki getið um að lóð eða landspilda þessi sé jörð. Í „Ný jarðabók fyrir Ísland“ frá 1861, sem vísað er til í landskiptalögum nr. 46/1941, er ekki getið um að þessi landspilda sé jörð. Í síðari jarðaskrá eða fasteignamötum er hvergi getið um lóð eða landspildu þessa sem jörð.
 6. Í landamerkjaskrá um „Merki á landi Garðakirkju“ er lóð eða landspildu þessari eigi lýst sem jörð. Í merkjalýsingunni er hins vegar getið um að innan merkja Garðakirkjueignar sé Garðakirkjújörðin Vífilstaðir. Ennfremur er getið um jarðirnar Setberg, Hofstaði, Hagakot og Akurgerði og svo einnig Garðakirkjujarðir. Í afsalinu til Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 1913 eru tún innan ummerkja, þ.e. Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnsblettur undanskilin sölonni. Óskipt sameign (efra land) Garðakirkju, Garðakirkjuland, hefur aldrei sem slíkt verið skilgreind sem jörð.
 7. Við skipti á öllu heimalandi Garðatorfu 1932-1935 kom Hafnarfjarðarkaupstaður ekki að landskiptum vegna lóðar eða landspildu þessarar sem hann keypti 1913 á sama hátt og allar jarðir Garðakirkju. Þetta var vegna þess að það var ekki jörð sem Hafnarfjarðarkaupstaður keypti heldur lóð eða landspilda úr óskiptu Garðakirkjulandi, sbr. samninginn 1913.
 8. Í dómi Gestaréttar Reykjavíkur frá 29. desember 1920 er getið um að landsstjórnin hafi selt Hafnarfjarðarkaupstað „nokkuð af landi“ Garðakirkju. Dómurinn skýrir einnig eignarrétt Selskarðs í lóð eða landspildu þessari samkvæmt sama afsalinu. Í dóminum segir að Selskarð sé talin sérstök jörð og það væri óhugsandi ef henni hefði ekki fylgt annað land en túnið og réttur til móttaks og beitar.
 9. Mörg dæmi eru um að lóðir eða landspildur, bæði stórar og smáar, séu seldar. Slíkar landspildur teljast ekki jarðir nema þær séu lögformlega skilgreindar sem slíkar.
 10. Ef lóð eða landspilda hefur verið seld úr jörð, t.d. sumarbústaðaland, og jörðin fékk ítak í lóðinni eða landspildunni, t.d. vatnsból, þá eiga lög nr. 113/1952 ekki við um þetta ítak í þessari lóð vegna þess að lögin eiga eingöngu við um ítak í jörðum.
 - A) Eigendur jarðarinnar Selskarðs og aðrir aðilar viðkomandi Garðakirkjulandi hafa aldrei getið um í heimildum eða litið á þessa eign, þ.e. beitarrétt Selskarðs, sem ítak í Garðakirkjulandi heldur hefur alltaf verið talað um beina eignarhlutdeild Selskarðs.
 - B) Ekki er um að ræða jörð heldur lóð eða landspildu sem aldrei hefur verið skilgreind sem jörð. Vísað er í heiti laga nr. 113/1952 og 2. gr. sömu laga. Ennfremur er vísað í greinargerð með frumvarpi laganna og skýringa á 2. gr.
 - C) Þar sem ekki var um að ræða jörð, heldur kaupstaðarlóð (lóð, landspildu) sem sveitarfélag á, þar eigendum Selskarð eigi skylda til að lýsa ítaki, sbr. lög nr. 113/1952, auk þess hefur aldrei verið litið á beitarréttareignina sem ítak. Eigendur Selskarðs höfðu ekki lagaheimild samkvæmt lögum nr. 113/1952 til að lýsa yfir ítaki því í þessu tilviki er ekki um ítak að ræða og engin jörð (bújörð) er til að lýsa ítaki í. Af þessum ástæðum lýstu eigendur Selskarðs ekki yfir ítaki í lóðinni, landspildunni.

- D) Beitarréttareignin hefur því aldrei verið afmáð eða aflýst úr þinglýstum skjölum og bókum, sbr. 5. gr. 2. mgr. laga nr. 113/1952. Þinglýst afsal um þennan eignarrétt er enn í fullu gildi.
- E) Hafnarfjarðabær hefur aldrei reynt að leysa beitarréttareignina af landspildunni, sbr. 7. gr. laga nr. 113/1952, enda ekki um ítak að ræða eða jörð.
- F) Aðeins eitt ítak hefur fundist í Garðakirkjueign, þ.e. afréttur í Múlatúni.

Samkvæmt öllum meðfylgjandi heimildum er ljóst að beitarréttur jarðarinnar Selskarðs, í lóð eða landspildu þessari sem Hafnarfjarðarkaupstað var afsalað, samkvæmt þinglýstu afsali 30. ágúst 1913 og samkvæmt landamerkjum, eins og þau eru afmörkuð í 1. gr. laga nr. 13/1912, með áskilnaði um beitarrétt jarðarinnar Selskaðs eins og verið hafði, er hvorki ítak né er um jörð að ræða. Hvergi er getið um að Garðakirkjujarðir hafi átt ítök í lóðina eða landspilduna sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað 30. ágúst 1913 eða um ítök þeirra í óskiptu efra land Garðakirkju sem er sambærilegt land við fyrrgreinda lóð eða landspildu sem seld var Hafnarfjarðarkaupstað 30. ágúst 1913. Vísa má í skipti Garðakirkjujarða á beitarrétti í hinu óskipta beutilandi Garðakirkjulands, sbr. skjalið Litra CI nr. 280, dags. 25. nóvember 1926, þinglýst 28. júní 1927. Fram að 1926 hafði beitarrétti ekki verið skipt og var hann því ótakmarkaður þegar salan 1913 átti sér stað.

Í afsalinu til Hafnarfjarðarkaupstaðar 30. ágúst 1913, þinglýst 4. október 1913 segir: „*En um mörk lóðarinnar eða landspildu þessarar að öðru leyti.....*”. Hér er vitnað til lóðar eða landspildu þessarar sem komst í eigu sveitarfélagsins Hafnarfjarðarkaupstaðar með fyrrgreindu afsali.

Það sem tekur af öll tvímæli í þessu máli, og staðfestir að lög nr. 113/1952 eiga ekki við um beitarrétt Selskarðs, er greinargerð sem fylgdi þingskjali 189. Frumvarpi til laga [132. mál] um lausn ítaka af jörðum. Frá landbúnaðarnefnd, síða 512, en þar segir um 2. gr. laganna:

„Eigi þykir ástæða til að heimila lausn á ítökum í aðrar fasteignir en jarðir. Lögin taka því ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga”. Það er beinlínis verið að segja að lögin eigi ekki við um kaupstaðarlóðir.

Auk þess ber ekki síður að geta þess, að þann 10. apríl 1963 var á Alþingi samþykkt svohljóðandi þingsályktun: Með tillögunni til þessarar þingsályktunar fylgdi greinargerð en þar segir:

„Lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, voru sett til að koma reglu á ítök í bújarðir og gefa jarðeigendum tækifæri til að leysa þau af, ef því bæri undir”.

Hér kemur einnig skýrt fram að lögin áttu við ítök í jarðir og bersýnilega ítök í bújarðir þar sem lögin voru sett til að koma reglu á ítök í bújarðir eins og að ofan greinir. Það var lóð eða landspilda, en ekki jörð, bújörð, býli, sem komst í eigu sveitarfélagsins Hafnarfjarðarkaupstaðar 30. ágúst 1913 og var jörðinni Selskarði áskilinn beitarréttur svo sem verið hafði í sinni eigin eign en ekki nein ítök í annari jörð. Beitarréttur jarðarinnar Selskarðs var ekki seldur Hafnarfjarðarkaupstað 1913. Beitarréttur eða eignarréttur jarðarinnar Selskarðs hefur aldrei verið ítak í Garðakirkjulandi. Jörðin Selskarð átti og á enn tiltölulega óskipt Garðakirkjuland, þ.m.t. allan nýtingarrétt.

Sem dæmi um kaupstaðarlóð má geta þess að á árunum 1861 og fram yfir 1872 verður ekki annað séð en að orðið kaupstaðarlóð hafi merkt lóð innan t.d. lögsagnarumdæmis Reykjavíkur hvort sem hún var eign kaupstaðarins eða ekki. Í lögum frá 1877 og síðan 1879 er Reykjavíkurkaupstað heimilað að leggja skatt á óbyggðar lóðir sem hann eignaðist utan lögsagnarumdæmis. Árið 1890 var farið að skilgreina lóð í sjálfri landareign Reykjavíkurkaupstaðar sem kaupstaðarlóð Reykjavíkur þótt hún væri utan lögsagnarumdæmis ⁹⁻¹⁰⁾ (heimild: Lýður Björnsson).

Ástæða þess að jörðin Selskarð hélt beitarrétti sínum við sölu á lóð til Hafnarfjarðarkaupstaðar 1913.

Ein aðalforsenda þess að jörð haldi gildi sínu og verðmætum er að henni tilheyri beitarréttur. Jörðin Selskarð sjálf átti tiltölulega lóð eða landspildu þessa og beitarrétt á viðkomandi lóð áður en hún var seld. Þess vegna gat landstjórnin ekki selt Hafnarfjarðarkaupstað lóð eða landspildu þessa með öllum

gögnum og gæðum því beitarréttur, sem fyrir var á eigninni og ekki átti að fylgja sölunni, var (og er raunar enn) frumnýtingarréttur jarðar og einn aðalgrundvöllur jarðarinnar. Hann var því áskilinn jörðinni Selskarði við sölu svo sem verið hafði.

Heimildir:

1. Bréf, dags. 28. ágúst 1953 frá Biskupi Íslands til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og meðfylgjandi er skrá séra Sveins Víkings um ítök kirknanna.
2. Bréf, dags. 30. október 1953 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til biskuptstofunnar.
3. Bréf, dags. 1. maí 1954 frá Biskupi Íslands til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, með lýsingu á ítaki kirkjujarða í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ekki er þar getið um nein ítök hvorki í eigu Garðakirkju né í Garðakirkjulandi.
4. Lög um kirkjuítök og sölu þeirra nr. 13/1956. Þar kemur fram í 3. gr. frumvarps að landsvæði falla undir kirkjuítak.
5. Bréf, dags. 28. ágúst 1963 frá atvinnumálaráðuneytinu til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.
6. Bréf, dags. 29. október 1963 frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til atvinnumálaráðuneytisins um að ekki verði séð að nein ítök hafi fallið úr gildi með þinglýstum yfirlýsingum samkvæmt lögum nr. 113/1952.
7. Bréf, dags. 30. nóvember 1982 frá Biskupi Íslands til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.
8. Bréf, dags. 23. desember 1982 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til Biskups Íslands.
9. Bréf, dags. 10. febrúar 1983 frá dr. Páli Sigurðssyni, dósent, lagadeild Háskóla Íslands til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.
10. Bréf, dags. 30. september 1983 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til sýslumannsins í Kjósarsýslu.
11. Bréf, dags. 3. janúar 1984 frá atvinnumálaráðuneytinu til kirkjueignanefndar.
12. Bréf, dags. 2. febrúar 1984 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til sr. Páls Sigurðssonar, dósents.
13. Álitsgerð kirkjueignanefndar, fyrri hluti, 1984, höfundur nefndin.
14. Álitsgerð kirkjueignanefndar, seinni hluti, 1984, höfundur Ólafur Ásgeirsson.
15. Álitsgerð um brottfall ítaks vegna vanlýsingar samkvæmt lögum nr. 113 frá 21. desember 1952, dags. 23. janúar 1963, eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor.
16. Lok einkaréttarlegra ítaka, kandidatsritgerð, maí 1984, eftir Hildi Sverrisdóttur, stud. jur.
17. Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 113/1952.
18. Greinargerð með frumvarpi til laga þann 10. apríl 1963.
19. Lagasafn Íslands. Í átta lögum er getið um bújarðir, þ.e. í lögum nr. 3/1955, 89/1966, 4/1995, 75/1997, 12/1999, 6/2001, 90/2003 og 47/2004.
20. Greinargerðir frá 6. og 13. júní 2006. Kaupstaðarlóð. Lýður Björnsson.
21. Önnur umræða á Alþingi 3. ágúst 1912 um frumvarp til laga um sölu á nokkrum hluta af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og af öðru landi Garðakirkju.
22. Fasteignamat 1969. Þar er sérstaklega tekið fram að jörðinni Selskarði fylgi ekki hjáleigur eða ítök í öðrum jörðum.
23. Greinargerð, dags. 11. desember 2006 um ítök þjóðkirkjunnar m.a. í Garðakirkjulandi og um leið ítök kirkjujarðarinnar Selskarðs. Visað er í 18 heimildir.

Einnig samkvæmt ítarlegum heimildum eigenda jarðarinnar Selskarðs.

Reykjavík, 11. júlí 2006.
Virðingarfyllst,
fyrir hönd eigenda jarðarinnar Selskarðs

Jón Láursson

Björn Erlendsson

Úr greinargerð með frumvarpi til laga um þjóðlendur frá 1998. 122 löggjafarþing 1997-1998.

3.1.3. Afréttareign.

Vegna viðfangsefnis þessa frumvarps er rétt að fjalla sérstaklega um hugtakið „afréttareign“, en það kemur alloft fyrir bæði í dómum og fræðiritum. See footnote 35 35 Álitaeftnið er hvers konar eignarréttindi þar er um að ræða.

Gaukur Jörundsson gerir grein fyrir því að eignarréttur að afréttum geti verið með tvennu móti.

Annars vegar sé um að ræða beinan eignarrétt að afréttarlandinu, en í öðrum tilvikum sé aðeins um

afréttareign viðkomandi aðila að ræða. Ef land er afréttareign tiltekins aðila á hann upprekstrarétt (beitarétt), lax- og silungsveiðirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, og ef til vill einhverjar aðrar, þröngar nýtingarheimildir, svo sem veiðirétt, sbr. ákvæði veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, þau sem enn eru í gildi. See footnote 36 36 Auk þessara afmörkuðu réttinda leiddi lögtaka 2. gr. námulaga nr. 24/1973 til þess að nú á ríkið eitt rétt til jarðefna á þeim afréttum sem aðrir aðilar geta ekki sannað beinan eignarrétt að. Gaukur Jörundsson segir að talsvert hafi tíðkast að einstakar heimildir eða þættir eignarréttar séu talin sérstök réttindi. **Sem dæmi slíks nefnir hann vatnsréttindi, veiðiréttindi, námuréttindi og réttindi til reka.** See footnote 37 37 **Séu slík réttindi skilin frá eignarrétti eiganda og fengin öðrum er um ítak að ræða og þar með óbein eignarréttindi.**

Það veldur nokkrum vandkvæðum við skilgreiningu afréttareignar og stöðu hennar í hinu fræðilega kerfi eignarréttinda að Ólafur Lárusson og Gaukur Jörundsson meðal annarra byggja á því hugtaksskilyrði að óbein (takmörkuð) eignarréttindi séu alltaf hlutdeild í öðrum víðtækari rétti eiganda eignarinnar. Þegar talað er um vandkvæði er átt við aðstæður eins og þær sem eru til staðar á Landmannaafrefti. Hæstiréttur hefur hafnað því að afrétturinn sé annað og meira en afréttareign heimamanna og jafnframt hafnað viðurkenningarkröfu ríkisins á beinum eignarrétti að svæðinu, sbr. hrd. 1955, bls. 108 og hrd. 1981, bls. 1584. Þar virðist því um að ræða fasteign sem engum aðila hefur tekist enn sem komið er að sanna beinan eignarrétt að og fellur hún þannig ekki að fyrrgreindri afmörkun á beinum og óbeinum eignarréttindum.

Greinargerð um ítök þjóðkirkjunnar m.a. í Garðakirkjulandi og um leið ítök kirkjujarðarinnar Selskarðs.

Vegna laga um lausn ítaka af jörðum nr. 113 frá 29. desember 1952, fól biskupsembættið séra Sveini Víkingi, þáverandi biskupsritara, að gera nákvæma skrá yfir þau ítök sem, að undangenginni rannsókn á fornum sem nýjum heimildum, kæmu til greina að enn fylgdu viðkomandi kirkjum. Í skránni voru tekin öll þau ítök sem um var vitað í eigu kirkna.

Ástæða þess að þetta er athugað nú er að þjóðkirkjan er og hefur frá fornu fari verið tiltölulegur eigandi að svo nefndu óskiptu landi Garðakirkju í gegnum kirkjujarðir sínar sem tilheyra Garðakirkju. Ein elsta þessara kirkjujarða, jörðin Selskarð, sem hefur verið í einkaeign síðan 1912, lýtur sömu reglum og aðrar kirkjujarðir hvað viðvíkur eignarréttarmálum. Ef eignir jarðarinnar Selskarðs í Garðakirkjulandi eru álitnar ítök í jörð þá eru sömuleiðis eignir jarða þjóðkirkjunnar í Garðakirkjulandi ítök í jörð. Engar heimildir eru hins vegar í skrá séra Sveins Víkings um ítök í eigu kirkna, að ítök kirkna eða ítök kirkjujarða Garðakirkju séu til staðar í hinu óskipta Garðakirkjulandi, en hluti þess var seldur Hafnarfjarðarkaupstað 30. ágúst 1913 og var beitarréttur jarðarinnar Selskarðs, sem einnig var tiltölulegur eigandi að landinu sjálfu, undanskilinn við söluna og áskilinn jörðinni Selskarði svo sem verið hafði.

Við rannsókn séra Sveins Víkings, sem var nákvæm, sbr. álitargerð kirkjueignanefndar fyrri hluti gefin út 1984, leitaði hann eftir heimildum hjá sóknarprestum. Í kjölfar þessara rannsókna bærust biskupsembættinu margvíslegar upplýsingar um kirknaitök víða um land, frá viðkomandi prestum og öðrum, sem prestarnir höfðu leitað til. Í ljós kom aðeins eitt ítak Garðakirkju, ef hægt er að nefna ítak, þ.e.: „Afréttur í Múlatúni”.

Fyrir utan það sem getið er um í skrá séra Sveins Víkings um ítak í afrétti í Múlatúni er tilgreint í Garða- og Bessastaðamáldaga frá 1397 að Garðakirkja eigi heimaland allt, Hausastaði, Selskarð og afrétt í Múlatúni. Múlatún er ekki þekkt í dag en einhverjir hafa viljað geta sér til um það að Múlatún sé það sem nú er nefnt Skúlatún. Skúlatún er hólmyndaður grasblettur suður frá Helgafelli sem sumir vilja telja eyðibýli frá því að hraunið (Skúlatúnshraun) rann. Engar heimildir hafa fundist um þetta og er því um hreinar getgátur að ræða sem enga stoð hafa í rituðum skjölum.

Þann 1. maí 1954 sendi biskupsembættið sýslumönnum landsins nákvæma skrá um öll þau kirknaitök í viðkomandi sýslum með ósk um, að þargreindum ítökum yrði þinglýst í samræmi við lög nr. 113 frá 1952 um lausn ítaka af jörðum.

Eina ítakið í eigu Garðakirkju sem fannst var Afréttur í Múlatúni. Það var ekki vel þekkt og ekki vitað til þess að það væri í jörð og setti kirkjan þ.a.l. ekki fram kröfu til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um að því ítaki yrði lýst.

Eins og áður segir sendi Biskup Íslands bréf til sýslumanna þ.m.t. sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 1. maí 1954 þar sem hann lýsti yfir ítökum kirkna í jörðum í umdæmi hans. Í bréfi þessu eru tilgreind tvö ítök kirkna í jörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem beðið er um lýsingu á:

1. Staðarkirkja í Grindavík (síðan er getið um ítök hennar í jörðunum Húsatóptum og Járngerðarstöðum).
2. Reynivallakirkja (síðan er getið um ítök hennar í Mariuskeri í jörðinni Vesturkoti).

Í bréfinu er ekki getið um fleiri ítök í eigu kirkna í jörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Samkvæmt fyrrgreindri skrá séra Sveins Víkings og bréfi Biskups frá 1. maí 1954, þá taldi kirkjan sig ekki eiga fleiri ítök í jörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að meðtöldu í eignum Garðakirkju.

Þar sem mjög greinargóðar upplýsingar eru til um ítök kirkna, þá er ljóst að ekki var um að ræða önnur ítök í Garðakirkjueign en afrétt í Múlatúni.

Kirkjan, prestar sem biskupsembættið leitaði til svo og aðrir menn sem prestarnir leituðu til, hafa því vitað að óskipt eign hennar í Garðakirkjulandi, sem er tilkomin vegna eignarhalds á jörðum Garðakirkju, væri ekki ítak og eigi heldur aðeins beitarréttur, heldur fullkominn eignarréttur.

Getið er um ítak í eigu Garðakirkju í nákvæmri skrá séra Sveins Víkings. Því er ljóst að Garðakirkjueign hefur tvímælaust verið hluti af rannsókn hans um ítök kirkna.

Samkvæmt virðingargjörð á hinum ýmsu eignum kirkjujarðarinnar Selskarðs, sbr. lið 13 í meðfylgjandi heimildaskrá, er hvergi getið ítaka sem væru í eigu hennar.

Samkvæmt bréfi frá umráðamanni kirkjujarðarinnar Selskarðs, sbr. lið 14 í meðfylgjandi heimildarskrá, er skýrð úttektargjörð jarðarinnar og rakin eignarréttindi hennar. Hvergi er þar getið ítaka í eigu jarðarinnar.

Í afsali á kirkjujörðinni Selskarði, sbr. lið 15 í meðfylgjandi heimildarskrá, er ekkert getið ítaka.

Í afsali á lóð eða landspildu til Hafnarfjarðarkaupstaðar 30. ágúst 1913, sbr. lið 16 í meðfylgjandi heimildarskrá, er ekkert getið ítaka.

Samkvæmt byggingarbréfi kirkjujarðarinnar Hausastaða, sbr. lið 12 í meðfylgjandi heimildarskrá, er ekkert getið ítaka eða ískyldna sem fylgdu jörðinni þó svo að eyðublað gerði ráð fyrir að færðar væru inn upplýsingar um ítök. Þetta er vegna þess að Hausastaðir eða aðrar kirkjujarðir, svo sem jörðin Selskarð, áttu ekki ítök nema afrétt í Múlatúni sem enginn veit nú á tímum hvar var.

Í þinglýstu skjali, sbr. lið 10 í meðfylgjandi heimildarskrá, er hvergi getið ítaka.

Samkvæmt landamerkjaskrá Garðakirkjulands, sbr. lið 9 í meðfylgjandi heimildarskrá, er ekkert getið ítaka, þrátt fyrir lagafyrirmæli í lögum um landamerki.

Samkvæmt landskiptum á heimalandi Garðakirkju 1932, sbr. lið 11, er ekkert getið ítaka sem gætu verið í eigu kirkjujarðanna sem komu að skiptunum, að Selskarði og Hraunsholti meðtöldum.

Í fasteignamötum, sbr. lið 17 í meðfylgjandi heimildarskrá, er sérstaklega getið um, og krossað við það atriði, að jörðinni Selskarði fylgi ekki hjáleigur eða ítök í öðrum jörðum.

Beitarréttur kirkjujarðarinnar Selskarðs var leigður út 1966-1967, samkvæmt opinberri jarðaskrá. Ennfremur er upplýst að samkvæmt Fasteignamati ríkisins 2. maí 1969 var jörðin Selskarð leigð út til beitar. Beitarréttur jarðarinnar er því staðfestur og hann var löglega til staðar og var hagnýttur og honum ráðstafað á upplýstan hátt til útleigu á þessum árum eða 17 árum eftir að lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum voru sett. Engum mótmælum var hreyft við þessari ráðstöfun á beitarréttinum, hvorki af Hafnarfjarðarkaupstað né öðrum.

Reykjavík, 11. desember 2006,
f.h. eigenda jarðarinnar Selskarðs

Björn Erlendsson

Heimildir:

1. Nákvæm skrá séra Sveins Víkings frá 1953 yfir ítök í eigu kirkna (titilsíða skrár og skrá um ítök Garðakirkju fengið frá Þjóðskjalasafni í september 2006).
2. Bréf, dags. 28. ágúst 1953 frá Biskupi Íslands til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.
3. Bréf, dags. 11. nóvember 1953 frá Biskupi Íslands til sóknarpresta.
4. Bréf, dags. 8. október 1954 frá séra Sveini Víkingi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.
5. Bréf, dags. 1. maí 1954 frá Biskupi Íslands til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu (þetta bréf hefur áður komið fram í heimildarskrá eigenda jarðarinnar Selskarðs, dags. 11. júlí 2006).
6. Bréf, dags. 21. nóvember 1983 frá Biskupi Íslands til sóknarpresta.
7. Álitsgerð kirkjueignanefndar, fyrri hluti 1984 (þessi skrá hefur áður komið fram í heimildarskrá eigenda jarðarinnar Selskarðs, dags. 11. júlí 2006).
8. Ísl. fornbréfasafn 4, 1897:107-108, máldagar í ísl. fornbréfasafni, Dipl. Isl. VI, 123; XV, 638.
9. Lög um landamerki nr. 41 frá 1919, 2. gr. en þar segir m.a. um ítök:
“2. gr. *Eigandi lands eða fyrirsvarmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau réttust. Skal þar og getið itaka og hlunninda í land það, svo og þeirra itaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annarra manna. Merkjalytingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarmanni hans, svo og aðiljum itaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu*”.
10. Skjal um hlutdeild jarða og búfénaðar í óskiptu Garðakirkjulandi, sbr. þinglýst skjal, dags. 25. nóv. 1926.
11. Landskiptagjörð vegna skipta á öllu heimalandi Garðakirkju 1932.
12. Byggingarbréf kirkjujarða Garðakirkjueignar, sem dæmi Hausastaða, dags. 30. ágúst 1940.
13. Virðingargjörð jarðarinnar Selskarðs til peningaverðs, dags. 14. maí 1911.
14. Bréf frá umráðamanni kirkjujarðarinnar Selskarðs, sóknarprestinum að Görðum, dags. 28. febrúar 1912.
15. Samningur um sölu á jörðinni Selskarði, dags. 29. maí 1912.
16. Samningur um sölu á lóð eða landspildu til Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 30. ágúst 1913.
17. Fasteignamat jarðarinnar Selskarðs árin 1922, 1942 og 1969.
18. Umræða á Alþingi vegna frumvarps til laga nr. 13 frá 1912. Þar kemur fram hjá Jens Pálssyni, alþingismaðni: “*Jeg fór fram á það við hann, hvort ekki væri hægt, að selja þetta land sem kirkjujörð; en hann sannfærði mig um, að það væri ómögulegt*”. Annars staðar í umræðunni segir Pétur Jónsson, aðþingismaður: “*Eg hefi fengið að vita, að í þessu landi eru engin býli*”. Alls staðar þar sem getið er um eignina í umræðunni er hún nefnd land en ekki jörð eða býli. Það er því ljóst að þegar lóð, landspilda eða land þetta var selt Hafnarfjarðarkaupstað 30. ágúst 1913 þá var ekki um sölu á jörð (bújörð) eða býli að ræða.